

Sparnaðarleiðir fyrir tilgreinda séreignardeild Festu

Sjóðurinn býður upp á tvær sparnaðarleiðir fyrir tilgreindan séreignasparnað. Sparnaðarleið 1 er hugsuð sem varfærin ávöxtunarleið fyrir eldri og/eða áhættufælna sjóðfélaga, en sparnaðarleið 2 samanstendur af vel dreifðu eignasafni sem hentar tiltölulega breiðum hópi sjóðfélaga. Hægt er að velja um sitthvora leiðina fyrir tilgreindan séreignarsparnað. Jafnframt er hægt að færa sig á milli sparnaðarleiða.

Sameiginlegar forsendur sparnaðarleiða

Fjárfestingarstefna sparnaðarleiða 1 og 2 tekur mið af þeim takmörkunum sem lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 setja. Samkvæmt eðli máls, geta réttahafar óskað eftir flutningi innistæðna sinna til annarra vörsluaðila. Því er brýnt að velja auðseljanlegar fjárfestingar með virka opinbera verðmyndun til að mæta slíkum óskum. Fjárfestingarheimildir séreignardeildar eru því þrengri en samtryggingardeildar. Stefnt skal að fjárfestingum í skráðum, auðseljanlegum eignum. Þó er heimilt að eiga óskráðar eignir ef þær eru inni í sjóðum sem eru auðseljanlegir.

Fjárfestingarstefna sparnaðarleiðar 1

Sparnaðarleið 1 er leið sem hentar eldri og/eða áhættufælnum sjóðfélögum. Eignir hennar verða eingöngu fjárfestar í ríkisskuldabréfum og innlánnum eftir atvikum.

Festa – Séreignardeild	Markmið	Vikmörk
Skuldabréf		
Íslensk skuldabréf með ábyrgð ríkis	100%	50-100%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	0%	0-0%
Sértryggt skuldabréf	0%	0-0%
Skuldabréf og víxlar banka, sparissjóða og annarra lánastofnana	0%	0-0%
Skuldabréf félaga og fagfjárfestissjóða	0%	0-0%
Innlán	0%	0-50%
Samtals skuldabréf	100%	0-100%
Hlutabréf		
- þ.a. erlend hlutabréf	0%	0-0%
- þ.a. innlend hlutabréf	0%	0-0%
Samtals hlutabréf	0%	0-0%
Samtals	100%	

Tafla 1-1: Fjárfestingastefna sparnaðarleiðar 1

Viðmið sparnaðarleiðar 1

Viðmið og takmarkanir fyrir sparnaðarleið 1 eru, eins og fyrir samtryggingardeild, utan eftirfarandi.

Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum af sama aðila

Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni (samþjöppunaráhætta) miðast við 10% af hreinni eign.

Hlutfall eigna í virkri stýringu

Hlutfall eigna í virkri stýringu skulu vera:

- Skuldabréf 100% virk stýring
- Innlán 100% virk stýring

Hámarkshlutdeild í verðbréfasjóði eða sjóðum sama rekstrarfélags

Hámarkshlutfall í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild þeirra miðast við 25% af útgefnum hlutdeildarskírteinum viðkomandi sjóðs. Samanlögð eign í sjóðum innan sama rekstrarfélags má að hámarki nema 50%.

Viðmið um meðallíftíma skuldabréfa

Til lengri tíma er gert ráð fyrir að meðaltími skuldabréfa sparnaðarleiðar 1 sé nálægt 5 árum.

Viðmið um verðtryggingarhlutfall

Safninu er ætlað að ná sem bestri ávöxtun með fjárfestingu í ríkisskuldabréfum og innlánnum eftir atvikum. Því eru engin neðri mörk á verðtryggingarhlutfalli. Safnið getur fræðilega séð verið 100% verðtryggt og að sama skapi 100% óverðtryggt.

Viðmið um gjaldeyrissamsetningu

Gert er ráð fyrir að 100% eigna sé í íslenskri krónu.

Fjárfestingarstefna sparnaðarleiðar 2

Sparnaðarleið 2 samanstendur af vel dreifðu eignasafni skuldabréfa, innlána, innlendra og erlendra hlutabréfa. Leiðin er hugsuð fyrir breiðan hóp sjóðfélaga.

Festa - Séreignardeild	Markmið	Vikmörk
Skuldabréf		
Íslensk skuldabréf með ábyrgð ríkis	37%	20-80%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga	7%	0-20%
Skuldabréf og víxlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana	9%	0-25%
Skuldabréf félaga	6%	0-20%
Skuldabréf fagfjárfestasjóða	0%	0-20%
Innlán	1%	0-30%
Samtals skuldabréf	60%	40-100%
Hlutabréf		
- þ.a. erlend hlutabréf	28%	0-40%
- þ.a. innlend hlutabréf	12%	0-20%
Samtals hlutabréf	40%	0-60%
Samtals	100%	

Tafla 1-2: Fjárfestingarstefna sparnaðarleiðar 2

Viðmið sparnaðarleiðar 2

Viðmið og takmarkanir fyrir sparnaðarleið 2 eru, eins og fyrir samtryggingardeild, utan eftirfarandi.

Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum af sama aðila

Hámarksfjárfesting í verðbréfum útgefnum af sama aðila, tengdum aðilum eða aðilum sem tilheyra sömu samstæðunni (samþjöppunaráhætta) miðast við 10% af hreinni eign.

Hlutfall eigna í virkri stýringu

Hlutfall eigna í virkri stýringu skulu vera:

- Skuldabréf, 100% virk stýring
- Hlutabréf, innlend, 100% virk stýring
- Hlutabréf, erlend, 50-60% hlutlaus stýring (vísitölusjóðir), 40-50% virk stýring

Viðmið um meðaltíma skuldabréfa

Til lengri tíma er gert ráð fyrir að meðaltími íslenskra skuldabréfa sparnaðarleiðar 2 sé nálægt 6,5 árum.

Hámarkshlutdeild í verðbréfasjóði eða sjóðum sama rekstrarfélags

Hámarkshlutfall í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði eða einstakri deild þeirra miðast við 25% af útgefnum hlutdeildarskírteinum viðkomandi sjóðs. Samanlögð eign í sjóðum innan sama rekstrarfélags má að hámarki nema 50%.

Viðmið um gjaldmiðlasamsetningu

Gert er ráð fyrir að 25-50% eigna sé í erlendri mynt en 50-75% í ISK hverju sinni.